



# Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík  
Sími 92-3100

94. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn 14/1 1985.

Fundinn sóttu: Ingólfur Halldórsson settur skólameistari, Gunnar Sveinsson formaður skólanefndar, Hjálmar Árnason settur aðstoðarskólameistari, Halldór Guðmundsson, Ingimundur Guðnason, Bogi Hallgrímsson, Hreinn Ásgrímsson og Ómar Bjarnþórsson.

Þetta gerðist:

1. Skólameistari lýsti byrjun vorannar 1985:

Stundatöflur voru að mestu unnar í skólanum á hina nýju stjórnunartölvu skólans og gekk það verk vel. Nemendur í dag-skóla verða um 540 og í öldungadeild 230. Mest aukning verður á flugliðabraut, 36 nemendur, og varð að takmarka inngöngu við þann fjölda, því að fleiri komust ekki í stofuna. Önnin hófst 9. janúar og er áætlað að skólaslit verði um 20. maí n.k.

Breytingar á kennaraliði urðu þær að Jóni Böðvarsson skólameistari, Sævar Reynisson viðskiptafræðingur, Frosti Bjarnason loftskeytamaður og Guðmundur Guðbjörnsson raftæknifræðingur hættu, eftir farsæl störf í þágu skólans á liðnum árum.

Nýir kennarar hafa verið ráðnir: Ágúst Ásgeirsson, Stefán Jónsson og Theódór Magnússon, allir við stundakennslu í öldungadeild en Ágúst kennir einnig við dagskóla.

Þá lagði Hjálmar Árnason fram yfirlit um námsval í námsflokkum en í boði verða 9 námsskeið á vorönn 1985. Ennfremur skýrði Hjálmar frá undirbúningi starfsnáms í samvinnu við flest stéttarfélag á Suðurnesjum. Kom fram að búist er við einhverri aukningu á því sviði frá starfsnámi haustannar.

Ingólfur skýrði frá því að á önninni yrði starfræktur meistaraskóli byggingarmanna. Skýrsla um skólaslit á haustönn fylgir.

Halldór spurði hvort verkfallið sl. haust hefði haft veruleg áhrif á starfssemi skólans. Skólameistari taldi það ekki að ráði og hefði tekist að bæta það að mestu með aukakennslu síðar.

2. Lagt fram bréf frá menntamálaráðuneyti dags. 3. jan. sl., þar sem ráðuneytið staðfestir fyrir sitt leyti kennslu á

flugliðabraut í samræmi við brautarlýsingu, sem send var því til meðferðar í des. sl. af Jóni Böðvarssyni og Ingólfi Halldórssyni, sbr. fyrri fundargerðir um nám til stúdentsprófs. Í tilefni af þessu ritaði Jón formanni skólanefndar bréf, sem lá frammi á fundinum, þar sem hann telur ástæðu til að þakka ráðuneytinu fyrir skjót viðbrögð, og jafnframt svofellda tillögu að skilnaði:

1. Saminn verði á íslensku og ensku sérstakur kynningarbækl-ingur um flugliðanámsbraut FS þar sem birtist:
  - ákvæði reglugerðar um skírteini, nr. 301/1978, gefin út af flugmálastjórn
  - greinargerð, samin af starfsmönnum flugmálastjórnar um réttindi sem fylgja lokaprófi af brautinni
  - námsbrautarlýsingin og allar áfangalýsingar skv. henni
  - lýsing á framkvæmd kennslunnar, m.a. skiptingu námsgreina milli anna og stjórnartilhögun á brautinni; sé þar m.a. skýrt frá skipan og starfssviði stjórnunarnefndarinnar (skólameistari, fulltrúi flugmálastjórnar, deildarstjóri á flugliðabraut)
  - örstutt saga flugnáms við FS.
2. Endurskoðaðar verði allar áfangalýsingar í sérgreinum og íslensku í brautarlýsingunni í tvíþættum tilgangi:
  - kannað verði á viðhlítandi hátt hvort einingamat í greinum þessum er í samræmi við kröfur í öðrum greinum, þ.e. hvort nægileg fylgni er milli námskrafna og einingamats
  - athugað verði hvort núverandi námsefni í rafmagnsfræði og stýritækni þarfnast endurskoðunar.

Jafnframt leggur Jón til að stjórnunarnefnd flugliðabrautar sjái um samningu bæklinga, en kennaranefnd undir forsæti deildarstjóra á flugliðabraut annist endurskoðunarverkið.

3. Afrit af bréfi sem sent var menntamálaráðherra í des. sl. um tillögur að sérstakri reglugerð fyrir fjölbrautaskóla, frá skólanefndum á Akranesi, Selfossi og Keflavík en þær höfðu áður haldið sérstaka fundi um málið og lýst sig í meginráttum samþykka því. Akurnesingar gerðu athugasemdir en ítreka að launaliðir til samrekstrar og kennslu verði skýrt afmarkaðir.



Í fyrrnefndu bréfi er ítrekuð ósk um afgreiðslu málsins af hendi ráðuneytisins, en það hefur legið í láginni um sinn. Skólanefnd ítrekar nú erindi þetta, og áformar að halda nýjan fund um það.

4. Hjálmar Árnason settur aðstoðarskólmeistari gerði grein fyrir söfnun fjár í tækjasjóð skólans, sem hann hefur st staðið fyrir með aðstoð nemenda sinna. Veruleg þátttaka ýmissa fyrirtækja er í þessari söfnun, sem á að verða til eflingar skólanum, og til að auðvelda honum nauðsynleg tækjakaup, einkum á tölvum. Gerði Hjálmar grein fyrir gefendum skv. lista, en sérstaklega verður kvittað og þakkað fyrir þátttökuna með bréfi. Skólanefnd þakkaði Hjálmari fyrir frumkvæði og framkvæmd.

5. Reiknaðar hafa verið út verðbætur á stofnkostnað vegna skólabygginga og tækjakaupa frá upphafi skólans og til 31. des. 1983, miðað út frá vísitölu 1975, en í stofnsamningi milli ríkis og sveitarfélaga, eru ákvæði um verðbætur af hálfu ríkisins vegna aukinnar verðbólgu. Útreikningur þessi hefur nú verið úrskurðaður og staðfestur af ráðuneyti.

6. Skólanefnd gekk frá og staðfesti fjárhagsáætlun skólans fyrir 1985. Niðurstöður eru:

|                 |                |
|-----------------|----------------|
| Til rekstrar    | kr. 13.437 þús |
| " fjárfestingar | kr. 670 "      |
|                 | 14.107 "       |

Áætlun 1984 var samtals kr. 11.717 þús. og virðist hún ætla að standast, skv. bráðab. yfirliti 31/12 sl. Hækkun áætlunar milli ára nemur um 22%. Á fjárlögum 1985 eru þessar tölur til FS:

|                  |                  |
|------------------|------------------|
| Almennur rekstur | 20.842.000       |
| stofnkostnaður   | <u>1.000.000</u> |
| samtals          | 21.842.000       |

Til þess að 1.000.000 kr. á fjárlögum nýtist stofnuninni (60%) þarf framlag sveitarfélaganna að vera 670 þús.


7. Lagt var til að undirbúa fund með arkitektum skólans til undirbúnings hönnunar á viðbyggingu við skólann, eins og ráðgert hefur verið í raun frá upphafi, en nú er aðkallandi vegna þrengsla. Ætlað er að mál þetta verði tekið upp á næsta fundi nefndarinnar.

8. Skólanefnd samþykkir að auglýsa til umsóknar stöðu skólameistara, að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið um umsóknarfrest og tímasetningu veitingar embættisins.

9. Teknir fyrir reikningar Sigurðar Erlendssonar, kennara, að fjárhæð kr. 54.000 þann 15. nóvember 1984, sem hann hefur lagt fram vegna vinnu er hann telur sig hafa unnið við viðhald, viðgerðir og umsjón á vélum og tækjum í verknámshúsi Fjölbrautaskóla Suðurnesja að Iðavöllum, vor og sumar 1983

Vinna þessi var ekki samþykkt fyrirfram af þáverandi skólameistara Jóni Böðvarssyni. -Eftir nána skoðun samþykkir skólanefnd að greiða Sigurði kr. 25.000 vegna þessa sem endanlega greiðslu og áréttar um leið að alla slíka vinnu varðandi viðhald véla, skiptingu á smurolíu o.s.frv. skuli nemendur vinna sem hluta af námi sínu eftir því sem kostur er og undir stjórn kennara, en að öðrum kosti skal kennari fá samþykktu fyrirfram af deildarstjóra og skólameistara þá vinnu er hann telur sig þurfa að sinna í þágu skólans og fá greidda sérstaklega.

Fleira ekki gert.

  
Valtýr Guðjónsson,  
ritari.

  
Ingólfur Halldórsson,  
skólameistari.



# Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík  
Sími 92-3100

## Skýrsla um skólaslit á haustönn 1984.

Athöfnin fór fram í Keflavíkarkirkju, sunnudaginn 16. desember og hófst klukkan 14 með því að Siguróli Geirsson lék á kirkjuorgelið. Þá bauð Sævar Reynisson, kynnir, gesti velkomna. Hjálmar Árnason flutti yfirlit um skólastarfið á haustönn en Ingólfur Halldórsson afhenti próf-skírteini og ávarpaði brautskráða. Að því búnu afhenti Guðrún Erla Sigurðardóttir, kennari, verðlaun. Svala Sigurgeirsdóttir, nýstúdent flutti ávarp fyrir hönd brautskráðra. Stéfán Ásgrímsson, kennari, ávarpaði brautskráða fyrir hönd kennara. Jón Olsen, formaður Vélstjórafélags Suðurnesja, flutti ávarp vegna réttindanáms vélstjóra og færði skólanum kr. 30.000 að gjöf. Ingólfur Halldórsson, settur skólameistari, kvaddi tvo af reyndari kennurum skólans með bókargjöf og ávarpi. Þessir kennarar eru Sævar Reynisson, viðskiptafræðingur og Ottó Tynes, flugstjóri, en báðir hafa átt drjúgan þátt í móta skólann. Þá sté í ræðustól formaður skólanefndar, Gunnar Sveinsson, og upplýsti að þetta væru síðustu skólaslit er Jón Böðvarsson sæti sem skólameistari þar sem hann hefði fengið lausn frá störfum og verið ráðinn til að ritstýra skráningu iðnsögu Íslendinga á 20. öld. Rakti Gunnar gifturík störf Jóns Böðvarssonar í þágu FS og færði honum að gjöf frá skólanefnd áletraðan grip. Að lokum söng Jólakórinn nokkur jólalög undir stjórn Guðbjargar Rutar Þórisdóttur, nýstúdents.

Að þessu sinni luku nú 11 stúlkur og 25 drengir námi. Að auki sátu 25 menn réttindanam vélstjóra en brautskráning þeirra tafðist um eina viku, vegna verkfalls BSRB í október. Samtals voru því brautskráðir á önninni 61 nemandi. Skiptust þeir þannig eftir byggðarlögum: 30 úr Keflavík, 9 úr Grindavík, 4 úr Njarðvík, 3 úr Garði, 1 úr Vogum, 5 frá Reykjavík, 2 frá Akureyri og 1 frá hverjum þessara staða: Reykhólum, N-Múlasýslu, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði og Vík í Mýrdal.

Að auki sótti 101 nemandi námsskeið í starfsnámi FS, VS, KFS, og FKS en brautskráning þeirra átti sér stað í lok hvers námsskeiðs.

Þá stunduðu 59 nemendur nám í námsflokkum FS, 5 námsskeiðum, öllum próflausum.